



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 11. janúar 2021
RMF21010002
3.2.1

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Aframhaldandi samstarfssamningur við Dansverkstæðið

Á fundi menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs þann 11. janúar sl. var lagður fram til samþykktar hjálagður samstarfssamningur við Dansverkstæðið 2021-2023.

Samningurinn var samþykktur og er hér með vísað til borgarráðs.

Einnig er hjálagður ársreikningur Dansverkstæðisins fyrir árið 2019.

Arna Schram
Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:
Samstarfssamningur við Dansverkstæðið 2021-2023
Ársreikningur Dansverkstæðisins 2019

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Dansverkstæðið, kt. 560710- 0700, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Dansverkstæðið - vinnustofu sem eru félagasamtök fyrir sjálfstætt starfandi danshöfunda á tímabilinu 1. janúar 2021 til 31. desember 2023.

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með samstarfssamningi þessum er að styðja við þróun danslistar í Reykjavíkurborg og stuðla að því að skapa vettvang fyrir að greinin geti þróast í borginni. Með Dansverkstæðinu er verið að skapa aðstöðu fyrir danslistina og nauðsynlegt vinnurými á viðráðanlegum kjörum svo að nýjar hugmyndir verði að veruleika.

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Dansverkstæðinu fjárhæðina kr. 17.000.000,- árlega á tímabilinu 2021-2023.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

kr. 1.400.000,- 1. - 3.ja hvers eftirtaldrá mánaða, janúar-október

kr. 1.500.000,- 1. - 3.ja hvers nóvember-desember.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Dansverkstæðisins nr. 513 - 26 – 42010, kt. 560710-0700.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2022 og 2023 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breyttri fjárveitingu.

2. gr. Forsaga, markmið og framlag Dansverkstæðisins

Samtök um danshús voru stofnuð í september árið 2010 og er rekstur Dansverkstæðisins liður í því markmiði samtakanna að koma á fót danshúsi sem þjónar danslistinni á breiðum grunni. Með opnun Dansverkstæðisins við Skúlagötu varð í fyrsta sinn hérlandis til húsnæði þar sem dansinn var í fyrirrími. Það hefur nú þegar skilað miklu til danssamfélagsins og sviðslista almennt. Dansverkstæðið er eini vettvangur sjálfstætt starfandi dansara og danshöfunda, og hefur skapað nýjan og frjóan grundvöll til samstarfs og tengslamyndunar. Þann 1. ágúst 2017 missti Dansverkstæðið húsnæði sitt við Skúlagötu en Reykjavíkurborg náði samningum við Reiti fasteignafélag hf., eiganda að Hjarðarhaga 45-47 og leysir þar með húsnæðisvanda Dansverkstæðisins til ársins 2032. Í húsnæðinu að Hjarðarhaga 45-47 eru þrjú dansstúdíó sem og góð funda- og skrifstofuaðstaða.

Dansverkstæðið vinnur að því að auka gæði og faglega þróun listdansins með því að þjóna danslistamönnum á breiðum grundvelli. Unnið er að markmiðum með eftirtöldum hætti:

- Vinnuaðstaða fyrir dans- og sviðslistafólk
- Reglulegum þjálfunartímum fyrir atvinnudansara
- Námskeiðum sem tengjast dansi, líkamsþjálfun og líkamsvitund
- Þverfaglegum námskeiðum sem tengja dansara við aðrar listgreinar
- Gestavinnustofum fyrir innlenda og erlenda gestalistamenn
- Virkri þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum

- Aðsetri fyrir fagfélag innan danslistarinnar, líkt og Reykjavík Dance Festival og Félag íslenskra listdansara
- Kynningarstarfi og samskiptum innanlands

Dansverkstæðið opnar rými sín fyrir þátttöku í borgarhátíðum s.s. Menningarnótt og Barnamenningarhátíð. Jafnframt kynni það danslistina fyrir börnum og fjölskyldum þeirra með námskeiðum og öðrum viðburðum.

3. gr. Ábyrgð

Dansverkstæðið ber ábyrgð á að starfsemi þess fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Dansverkstæðið ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Dansverkstæðinu er með öllu óheimilt að framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Dansverkstæðisins hérlandis jafnt sem erlendis, skal koma fram að Dansverkstæðið sé styrkt af Reykjavíkurborg og skal Dansverkstæðið birta merki Reykjavíkurborgar á kynningarefni sínu.

5. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Dansverkstæðið. Samráðsfundur samningsaðila skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2021-2023, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur að áherslum Dansverkstæðisins fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri kynningarmála skal boða til fundanna. Dansverkstæðið skal á árlegum fundum leggja fram áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og árituðum ársreikningi fyrra árs.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Dansverkstæðið hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengiliður Reykjavíkurborgar, skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs, tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Dansverkstæðið hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

7. gr. Gildistími

Samningur þessu er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021 er samþykkt var í borgarstjórn þann 15. desember 2020. Samningurinn gildir til 31. des. 2023. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sinu eintaki.

8. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna áranna 2022 og 2023. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Öllu framangreindu til staðfestu rita forsvarsmenn aðila nöfn sín undir samning þennan.

Reykjavík, x. janúar 2021

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Dansverkstæðisins,

Dansverkstæðið

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnar.....	2
Áritun	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sundurliðanir.....	6

Staðfesting stjórnar

Stjórn Dansverkstæðisins staðfestir hér með ársreikning þennan fyrir árið 2019 með áritun sinni.


Reykjavík, 5. júlí 2020

Þinnun Xelbottar
Gleimmyg þmali sitilth
Giggi þmali
Smædis L Ingeðottar
Ulgardur Linnarod-

Áritun

Ársreikning þennan hefi ég gert eftir framanlögðum gögnum. Ég hef yfirfarið bankareikninga og eru þeir réttir.

Reykjavík, 21. júlí 2020
Endurskoðun og reikningshald



Helga Þorsteinsdóttir


Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Dansverkstæðisins höfum yfirfarið bókhald og ársreikninginn fyrir árið 2019 í samræmi við ákvæði 34. gr. bókhaldslaga og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 21. júlí 2020



201088-2839



Amala Héra Björnsdóttir
110180-5279

Rekstrarreikningur árið 2019

	Skýr.	2019 Krónur	2018 Krónur
Tekjur			
Félagsgjöld.....		875.000	10.477
Framlög frá Reykjavíkurborg.....		17.800.000	17.000.000
Framlög frá Ríkissjóði.....		3.400.000	6.000.000
Dansearena Nord/Realay.....		0	827.724
Morguntímar, námskeið og viðburðir.....		311.950	8.000
Leigutekjur húsnæðis.....	1	6.488.375	3.028.339
		<u>28.875.325</u>	<u>26.874.540</u>
Gjöld			
Laun.....	2	7.899.051	4.451.327
Húsnæðiskosnaður.....	3	26.938.601	5.725.774
Námskeið og viðburðir.....	4	1.350.223	128.025
Skrifstofukostnaður.....	5	1.201.933	837.923
Alþjóðlegt samstarf.....	6	274.277	1.175.978
Afskriftir.....		624.087	164.652
		<u>38.288.172</u>	<u>12.483.679</u>
Rekstrarafkoma		<u>(9.412.847)</u>	<u>14.390.861</u>
Fjáreignatekjur- og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		92.221	177.373
Fjármagnstekjuskattur		(20.289)	(37.197)
Vaxtagjöld og innheimtugjöld.....		(74.870)	(21.609)
		<u>(2.938)</u>	<u>118.567</u>
Afkoma ársins (tap).....		<u>(9.415.785)</u>	<u>14.509.428</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	2019 Krónur	2018 Krónur
Eignir		
Fastafjármunir		
Hljómtæki.....	80.000	120.000
Hljóðkerfi.....	373.955	498.607
Ljósakerfi.....	1.837.742	0
	<u>2.291.697</u>	<u>618.607</u>
Veltufjármunir		
Bankainnstæða.....	1.225.707	3.469.633
Tryggingareikningur.....	2.160.190	11.889.729
Sjóður.....	300	0
Staðgreiðsla.....	0	40.411
Útistandandi reikningar.....	232.750	2.077.839
	<u>3.618.947</u>	<u>17.477.612</u>
Eignir alls	<u>5.910.644</u>	<u>18.096.219</u>
 Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Eigið fé í ársbyrjun	14.210.984	(298.444)
Afkoma ársins	(9.415.785)	14.509.428
	<u>4.795.199</u>	<u>14.210.984</u>
Skuldir		
Ógr. laun.....	436.000	278.771
Ógr. lífeyrissjóður og félagsgjald.....	222.295	133.448
Ógr. staðgreiðsla.....	89.392	0
Ógr. tryggingagjald.....	40.263	23.651
Skammtímaskuldir.....	327.495	3.449.365
	<u>1.115.445</u>	<u>3.885.235</u>
Eigið fé og skuldir alls	<u>5.910.644</u>	<u>18.096.219</u>

Sundurliðanir 2019

	2019 Krónur	2018 Krónur
1. Leiga		
Leigutekjur - æfingaleiga.....	1.628.000	121.000
Leigutekjur - skólar.....	3.119.375	2.731.339
Leigutekjur - stofnarnir.....	687.000	142.000
Leigutekjur - tillfallandi.....	1.054.000	34.000
	<u>6.488.375</u>	<u>3.028.339</u>
2. Laun		
Greidd laun.....	6.496.800	3.712.800
Dagpeningar.....	20.000	0
Lífeyrissjóður mótframlag.....	802.675	400.284
Sjóðagjöld.....	97.811	56.497
Tryggingagjald.....	481.765	281.746
	<u>7.899.051</u>	<u>4.451.327</u>
3. Húsnæðiskostnaður		
Húsaleiga.....	19.502.140	3.495.250
Rekstrarkostnaður.....	936.433	146.774
Þrif húsnæði.....	2.096.695	73.286
Rafmagn og hiti.....	298.995	0
Vátryggingar.....	12.127	0
Öryggisgæsla.....	109.257	0
Öryggisgæsla útköll.....	136.236	0
Sorphirða.....	165.546	66.776
Standsetning húsnæðis.....	399.695	1.505.688
Kostnaður vegna flutninga.....	3.281.477	0
Aðkeypt vinna.....	0	438.000
	<u>26.938.601</u>	<u>5.725.774</u>
4. Námskeið og viðburðir		
Morguntímar og námskeið.....	354.089	63.525
Viðburðir.....	959.404	0
Ice hot.....	1.730	64.500
Aðkeypt vinna.....	35.000	0
	<u>1.350.223</u>	<u>128.025</u>

5. Skrifstofukostnaður

Sími og internet.....	450.530	155.413
Pappír, prentun og ritföng.....	25.131	18.927
Rekstur tölvukerfis.....	125.763	37.942
Gjaldfærð áhöld og tæki.....	0	18.995
Viðhald áhalda.....	0	10.000
Tækjaleiga.....	57.980	0
Reikningshald.....	174.096	153.140
Rekstrarvörur.....	50.187	30.283
Sendibílar.....	41.000	87.842
Kaffi og fundakostnaður.....	247.389	46.410
Annar kostnaður.....	29.857	47.461
	<u>1.201.933</u>	<u>606.413</u>

6. Alþjóðlegt samstarf

Relay.....	0	243.681
Areowaves.....	43.677	123.552
Keðja -ferðakostnaður.....	103.517	184.199
NCoAM.....	127.083	60.175
Sharing perspectives.....	0	1.524.281
	<u>274.277</u>	<u>2.135.888</u>